

Borgarráð

Tillaga að Bataskóla.

Lagt er til að borgarráð samþykki tillögu um stofnun bataskóla að erlendri fyrirmynd í samstarfi við Geðhjálp og er verkefnið til þriggja ára. Heimiluð verði árleg tilfærsla kr. 15.000.000 á milli kostnaðarstaðar F1700 (fjárhagsaðstoð) á kostnaðarstað V1120, verkefni F5480 (bataskóli).

Greinargerð:

Í minnisblaði sviðsstjóra velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs dags. 20. mars 2017 kemur fram að bataskólar eru þegar taldir ein af meginstöðum í batamiðaðri geðheilbrigðisþjónustu. Fjölgun þeirra í Englandi, Bandaríkjunum, Kanada og Ástralíu er talinn órækur vitnisburður um gildi þess að starfrækja slík úrræði. T.a.m. hefur árangur af starfi bataskóla í Nottingham orðið sá að um 70% nemenda hefur haldið áfram námi eða ráðið sig í vinnu að loknu námi og telja sig þurfa á minni þjónustu að halda frá félags- og/eða heilbrigðiskerfi. Gert ráð fyrir að skólinn verði hýstur í húsnæði Námsflokka að Suðurlandsbraut 32, Reykjavík. Um væri að ræða tilraunaverkefni til 3ja ára. Yfir bataskólanum verður framkvæmdastjórn sem m.a. mótar og hefur eftirlit með störfum bataskólans og tekur ákvarðanir um allar meiriháttar fjárhagslegar ákvarðanir. Í framkvæmdastjórn sitja fulltrúi Geðhjálp, velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs.

Dagur B. Eggertsson